

**Nr. 18-031 S 020 Örfirisey RE 4****Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 2170  
IMO: 8704975  
Smíðaður: Noregi 1988, stál  
Útgerð: HB Grandi hf  
Stærð: 940,2 brl. 1845 bt.  
Mesta lengd: 65,47 m Skráð lengd: 57,67 m  
Breidd: 12,8 m Dýpt: 8 m  
Vél: Wichmann 3000 kW 1988  
Fjöldi skipverja: 27



Örfirisey©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 28. september 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 10. febrúar 2018 var frystitogarinn Örfirisey RE 4 á togveiðum í norskri lögsögu.

Á veiðunum kom upp bilun í tímagír aðalvélar og skipið varð vélarvana. Norska strandgæsluskipið Nordkapp dró Örfirisey til hafnar í Tromsö í Noregi. Eftir viðgerð fór skipið aftur á veiðar.

Þann 17. febrúar 2018 eftir að skipið var búið að taka þrjú höl kom upp mikill hiti í legu í tímagír aðalvélar og það varð vélavana. Kleifabergið RE 70 dró Örfirisey til hafnar í Hammerfest í Noregi.

**Við rannsókn kom fram:**

- að legur í tveimur millitannhjólum tímagírs stb megin í aðalvél bræddu úr sér;
- að í seinna skiptið bræddu sömu millitannhjól í tímagír úr sér og kambásinn stb. bognaði;
- að í viðgerðarstoppi skipsins í desember-janúar var skipt um burðar- og þrýstilegur á báðum kambásnum aðalvélar sem var V-vél en ekki var hreyft við tannhjólum í tímagírnum;
- að þrýstilegur á kambásnum eru stilltar af með föler. Þessi mæling misfórst á stb. kambásnum sem varð þess valdandi að hann náði að skríða

fram og leggjast utan í andvægið á millitannhjólinu. Orsakaði það úrbræðslu á legum tannhjólanna;

- að sérfræðingar frá vélaframleiðanda í Noregi Wärtsila/Wichmann framkvæmdu leguskiptin á kambásunum og síðar viðgerð á tímagírnum.

***Nefndarálit:***

Orsök bilunar var handvömm viðgerðaraðila í samsetningu eftir leguskipti á stb. kambás.